

AUGLÝSING

um deiliskipulag, Ólafsdalur í Dalabyggð.

Sveitarstjórn Dalabyggðar samþykkti þann 17. janúar 2017 deiliskipulag fyrir Ólafsdal.

Markmið deiliskipulagsins er fyrst og fremst verndun og viðhald menningarlandslags í Ólafsdal og uppbygging menningartengdrar ferðaþjónustu. Miðað er við að öll húsini verði í framtíðinni nýtt til þjónustu ferðamanna. Með endurbyggingu og endurgerð húsanna í Ólafsdal yrði menningar- og sögutengd ferðaþjónusta við Breiðafjörð styrkt til muna.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Búðardal, 15. mars 2017.

Kristján Ingi Arnarsson,
staðgengill skipulags- og byggingarfulltrúa.

B-deild – Útgáfud.: 29. mars 2017